



## HAFNARFJÖRÐUR

Hr. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 2. júlí 2014  
Mál.nr. 1401444

**Efni: Framsal aflaheimilda úr Hafnarfirði, ítrekun.**

Vísað er í bréf Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra dags. 25. apríl 2014. Bréfið var svar við bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 31. mars 2014 þar sem ráðuneytið var að svara bréfi Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 27. febrúar 2014 varðandi sölu skipsins Þórs HF-4 og framsal aflaheimilda skipsins úr sveitarfélaginu. Einnig er vísað til bréfs bæjarstjóra dags. 28. apríl 2014 með umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar um umsögn Byggðastofnunar vegna framangreindrar sölu.

Í bréfinu frá 25. apríl sl. var óskað eftir því að ráðuneytið vinni hratt og vel að niðurstöðu í málinu, vegna þróngra tímatakmarkana, þannig að unnt sé að bregðast við niðurstöðu ráðuneytisins með höfðun dómsmáls innan frests.

Engin svör hafa borist frá ráðuneytinu og á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 26. júní sl. var samþykkt að ítreka kröfu Hafnarfjarðarkaupstaðar um svör frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna málsins.

Ítrekuð er tilvísun til ákvæðis VII. í kafla til bráðabirgða í lögum nr. 116/2006 og farið fram á ráðherra beiti nú þegar þeim heimildum sem hann hefur til að ógilda framsalið enda var framkvæmdin sannanlega ekki í samræmi við ákvæði laganna eins og Fiskistofa hefur viðurkennt.

Virðingarfyllst,  
F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar  
  
Kristján Sturluson  
sviðsstjóri stjórnsýslu og starfandi bæjarstjóri